



Reykjavík - 29. september 2025

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um tillögu um flokkun virkjunarkostsins Garpsdal í nýtingaflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar

Hinn 7. júlí sl. var birt í Samráðsgátt stjórnvalda tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um að um að færa virkjunarkostinn Garpsdal í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar. SAF sendu umsögn 14. apríl 2025 vegna „Tillagna að flokkun tíu vindorkuverkefna“ og vísa hér með til þeirra almennu sjónarmiða sem þar komu fram en þá umsögn má lesa [hér](#).

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir þau gögn sem liggja fyrir og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Samantekt

- SAF mótmælir fyrirhugaðri breytingu að færa Garpsdal í nýtingarflokk og leggur til að kosturinn haldist í biðflokki.
- Í gögnum málsins koma ekki fram nýjar upplýsingar sem réttlæta breytingu á flokkun frá biðflokki; þvert á móti er óvissa enn til staðar um umhverfisáhrif, m.a. á fuglalíf.
- Fyrirhuguð uppbygging í Garpsdal myndi hafa veruleg sjónræn áhrif á víðáttumikið landslag, sem er kjarnavara íslenskrar ferðaþjónustu.
- Ef til frekari vinnu kæmi telur SAF að forgangsraða beri vindorku á þegar röskuð svæði og í nágrenni iðnaðar- og orkufrekra verkefna, en ekki við óspillt víðerni.

Vindorka og ferðaþjónusta

Framtíðarsýn stjórnvalda er skýr þegar kemur að umhverfinu og náttúrunni: Að gætt sé að náttúruvernd við orkunýtingu, lágmörkun umhverfisáhrifa og sjálfbæra auðlindanýtingu er í takt við afstöðu SAF. Samtökin telja mikilvægt að fyrrgreind sjónarmið séu lögð til grundvallar þegar kemur að umfjöllun og ákvarðanatöku um vindorkuver sem og aðra orkuinnviði.

Ferðaþjónusta byggir í ríkum mæli á náttúruupplifun. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki og stjórnvöld markaðsetja náttúru Íslands til ferðamanna og 90% þeirra erlendu

ferðamanna sem koma til landsins segjast gera það vegna náttúru landsins og séreðlis hennar.¹ Þess vegna verður að vanda val og staðsetningu vindorkuvera og forðast svæði sem njóta verndar, eru nærri þekktum áfangastöðum eða hafa augljós sjónræn áhrif á ferðamannaleiðir. Samkvæmt rannsóknum sem byggja á fjölda viðtala við ferðapjónustuaðila hér á landi þá munu vindorkuver hér á landi hafa umtalsverð áhrif á upplifun ferðamanna og íslenska ferðapjónustu.²

Fyrir íslenska ferðapjónustu þá eru séreinkenni íslenskrar náttúru verðmæti sem þarf að standa vörð um og hafa bein áhrif á framtíðar verðmætasköpun atvinugreinarinnar fyrir samfélagið. Opið landslag, berangur, víðáttu og víðerni þarf að vernda enda eitt af helstu séreinkennum íslenskrar náttúru sem ferðafólk sækir í þegar það kemur til landsins.

Rannsóknir sýna að ferðafólk er viðkvæmara fyrir staðsetningu vindorkuvera nálægt náttúruverndarsvæðum heldur en t.d. iðnaðarsvæðum, landbúnaðarsvæðum eða nálægt bæjarfélögum. Öll óæskileg sjónmengun hefur áhrif á upplifun ferðamanna af landinu og því verður að velja landssvæði undir vindorku af kostgæfni og með nýtingu ferðapjónustu í huga. Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu ef staðsetning er fyrirhuguð nærri vel þekktum ferðamannastöðum eða augljós sjónræn áhrif verða á ferðamannaleiðum.

Í skýrslu sem unnin var fyrir danska umhverfisráðuneytið um áhrif vindorkuvera á landslag út frá sjónmengun kemur m.a. fram að mikilvægt sé að horfa vandlega til staðsetningar á vindorkuverum þar sem vindmyllur eru gríðarlega ráðandi í landslaginu og upplifun af slíkum svæðum breytist hratt úr náttúruupplifun í upplifun af iðnaðarsvæði. Þannig geta vindmyllur til dæmis haft mjög neikvæð áhrif ef þær eru staðsettar við þjóðgarða eða minjar sem standa hátt í landsslaginu.³

Vindorkuver eiga heima á röskuðum svæðum

Stjórnvöld þurfa að vanda vel til verka þegar kemur að því að ákveða hvar vindorkuver eigi að rísa. Það að setja t.d. vindorkuver niður í óspillta náttúru hefur þau áhrif að svæðið verður ekki lengur óspillt heldur verður svæðið virt sem iðnaðarsvæði. Ef reisa á vindorkuver hér á landi á undir öllum kringumstæðum að reisa þau utan svæða náttúruverndar, menningarminja og vel þekktra áfangastaða ferðamanna til að koma í veg fyrir neikvæða upplifun.

Sýn Samtaka ferðapjónustunnar þegar kemur að vindorku er að fara verði varlega í uppbyggingu vindorkuvera. Horfa á til þess að byggja stærri en færri vindorkuver og

¹ Anna Dóra Sæþórsdóttir, Margrét Wendt og Edita Tverjónaite. Wealth of Wind and Visitors: Tourist Industry Attitudes towards Wind Energy Development in Iceland. Júní 2021.

<https://www.mdpi.com/2073-445X/10/7/693/htm>

² Sama heimild.

³ https://planinfo.dk/Media/637916647900171445/store-vindmoeller-i-det-aabne-land-978-87-7279-751-9_0.pdf

staðsetja þau á þegar röskuðum svæðum t.d. á iðnaðarsvæðum og í nálægð við orkufrekan iðnað.

Mikilvægt er að setja upp bæði belti og axlarbönd á byrjunarstigum uppbyggingar og slaka frekar á kröfum ef reynsla reynist jákvæð. Fljótfærni og mistök við ákvarðanatöku um byggingu vindorkuvera þar sem ekki er horft til heildarhagsmuna og sem leiða til röskunar á öröskuðum svæðum og spillingu náttúruheilda geta haft afdrifaríkar afleiðingar á íslenska ferðaþjónustu og þar með á atvinnuuppbyggingu, byggðapróun og efnahag

Opið landslag, berangur og víðerni eru lykilverðmæti fyrir ferðaþjónustu og samkeppnishæfni Íslands. Ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera verður að taka með heildarsýn á efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu, áhrif á áfangastaði og náttúruvernd í huga.

Garpsdalur

Við umfjöllun samtakanna á fyrirhugaðri orkuframleiðslu er reynt að leggja mat á þætti eins og sjónmengun, nálægð við ferðamannastaði og möguleg áhrif á framtíðar uppbyggingarmöguleika í ferðaþjónustu. Til að átta sig betur á umfangi vindorkuvers að Garpsdal þá birtist stærð verkefnisins hér fyrir neðan.

Þessar tölur ásamt ýmsum kortagögnum á heimasíðu Rammaáætlunar auk staðsetningar, fjölda vindmylla, heildarhæð hvernar myllu og áætlaðs rasks gefur ágætlega í skyn hversu mikil áhrif hvert fyrirhugað verkefni geti haft og leggur grunn að afstöðu samtakanna til fyrrgreinds verkefnis:

Áætluð framleiðsla (GWh/ári)	Áætlaður fjöldi vindmylla	Áætluð stærð vindmyllu (MW)	Áætluð hæð myllu (m.)	Áætluð lengd spaði (m.)	Áætluð heildar hæð (Mylla og spaði)	Heildar uppsett afl (MW)
308	21	4,2 MW	110	70	180	88 MW

Vindorkuver í Garpsdal

Stærð og sýnileiki: Fyrirhugað vindorkuver í Garpsdal stendur um 500 m yfir sjó. Hver mylla er á bilinu 180–200 m í heildarhæð, sem gerir verkið mjög sýnilegt af stóru svæði. Í fyrri gögnum var miðað við um 21 myllu, heildarafl um 88 MW og áætlaða framleiðslu ≈308 GWh/ári. Slíkt mannvirki myndi ráða ríkjum í landslagi svæðisins og hefur óhjákvæmilega áhrif á upplifun ferðamanna.

Óvissa og verndarsjónarmið: Þrátt fyrir framgang málsins liggur óvissa enn fyrir um áhrif á fuglalíf, m.a. vegna farleiða hafarnar. Varúðarregla á að gilda þar til óvissu hefur verið eytt með vönduðum, sjálfstæðum greiningum.

Lokaorð

Það er hagur allra landsmanna að vernda þá auðlind landsins sem felst í óspilltri náttúru og að nýting lands sé með skynsamlegum og sjálfbærum hætti. SAF telja að nýting landsins í þágu ferðaþjónustu sé ein arðbærasta og sjálfbærasta nýting landsins fyrir samfélagið til framtíðar. Óspillt náttúra Íslands á sér fáa líka í Evrópu og því felst mikið tækifæri til þróunar samkeppnisforskots íslenskrar ferðaþjónustu í áherslu á vernd og nýtingu landsins sem ferðaþjónustuauðlindar. Þetta verður að hafa í huga við alla áætlanagerð og ákvarðanatöku um nýtingu vindorkukosta á Íslandi.

Grunnafstaða SAF er að forgangsraða beri uppbyggingu vindorku á röskuðum svæðum tengdum núverandi orku- og iðnaðarinnviðum. Garpsdalur fellur ekki að þeirri nálgun. Á meðan óvissa ríkir um umhverfis- og fuglalíf er best að halda kostinum í biðflokki.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

Framkvæmdarstjóri